# STOFNUN ÁRSINS 2013

Sérblað




SFR

STÉTTARFÉLAG
Í ALMANNAÞJÓNUSTU

# Stofnanir ársins 2013

***Stofnanir ársins eru þrjár, hver í sínum stærðarflokki. Sérstakur saksóknari er sigurvegari þriðja árið í röð í flokki stórra stofnana með fleiri en 50 starfsmenn. Landmælingar er stofnun ársins í flokki meðalstórra stofnana þar sem starfsmenn eru 20-49 talsins og er þetta annað árið sem Landmælingar sigra í sínum flokki. Í flokki stofnana þar sem starfsmenn eru færri en 20 bar Sýslumaðurinn á Siglufirði sigur út býtum.***

***Í hverjum flokki hlutu efstu stofnanirnar sæmdarheitið Fyrirmyndarstofnun. Í flokki stærstu stofnana voru valdar fimm fyrirmyndarstofnanir. Þær eru auk Sérstaks saksóknara, Umferðarstofa, Lyfjastofnun, Ríkisskattstjóri og Sjálfsbjargarheimilið. Í flokki meðalstórra stofnana eru fyrirmyndarstofnanirnar þrjár, þ.e. Skipulagsstofnun og Einkaleyfastofa ásamt Landmælingum. Í flokki minnstu stofnananna eru fyrirmyndarstofnanirnar einnig þrjár, þ.e. Héraðsdómur Suðurlands og Hljóðbókasafn ásamt Sýslumanninum á Siglufirði.***

***Hástökkvarinn í ár, eða sú stofnun sem hækkaði sig mest á milli ára, er Þróunarsamvinnustofnun en hún hækkaði um heil 72 sæti, úr raðeinkunn 16 í 88.***
***SFR stéttarfélag í almannaþjónustu óskar starfsmönnum og stjórnendum þessara stofnana innilega til hamingju með þennan glæsilega árangur.***

Markmið könnunarinnar „Stofnun ársins“ er nú sem áður að veita stjórnendum aðhald til hagsbóta fyrir starfsfólk og benda með markvissum hætti á hvaða úrbóta er þörf. Könnunin er samstarfsverkefni SFR og VR og auk þess eru Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar og ríkið þátttakendur í könnuninni. Könnunin tekur því til allra starfsmanna ríkisstofnana óháð stéttarfélagsaðild og er ein stærsta vinnumarkaðskönnun sem unnin er hér á landi. Niðurstöður könnunarinnar veita afar mikilvægan samanburð við aðrar stofnanir og fyrirtæki, bæði á opinberum og almennum vinnumarkaði.

**FRAMKVÆMD**

Framkvæmd könnunarinnar „Stofnun ársins“ var með sambærilegu sniði í ár og síðastliðin tvö ár, þ.e. samstarf fjármála- og efnahagsráðuneytisins og SFR, líkt og áður. Heildarfjöldi stofnana sem komust á blað nú var 153 en voru 172 í fyrra.
Alls svöruðu rúmlega 10.000 þátttakendur könnuninni en þeir voru tæplega 9.000 í fyrra. Svarhlutfall í könnuninni í heild var 54% en ef litið er eingöngu til svara SFR félaga er svarhlutfallið 59%. Niðurstöðurnar nú byggjast á um 9.400 svarendum.

Könnunin náði til ríkisstofnana með fleiri en fimm starfsmenn. Miðað var við fastráðna starfsmenn í 50% starfshlutfalli eða meira. Til þess að stofnun væri tekin með í greininguna á Stofnun ársins 2013 þurfti svarhlutfall að vera að lágmarki 35%, eins og áður. Reglur um fjölda svara voru hertar í minnsta flokknum og þurfa nú fimm svör að lágmarki að berast frá stofnunum með 5-19 starfsmenn, en lágmarkið var fjögur svör áður. Reglur um stærri stofnanir voru óbreyttar, þ.e. að lágmarki þurfa 6 svör að berast frá stofnunum með 20 til 49 starfsmenn og að lágmarki þurfa að berast 10 svör frá stofnunum með 50 eða fleiri starfsmenn til Capacent Gallup.

## Ítarlegar upplýsingar fyrir stofnanir

Þátttökustofnunum gefst kostur á að kaupa skýrslur frá Capacent með gögnum fyrir sína stofnun, svo framarlega sem þátttaka starfsmanna uppfyllir skilyrði um lágmarkssvörun. Í þeirri skýrslu er gerð ítarleg greining á niðurstöðunum. Þá er meðaltal hverrar spurningar hjá viðkomandi stofnun borið saman við meðaltal allra stofnana á viðkomandi spurningu. Einnig eru breytingar frá síðustu mælingu skoðaðar þegar það á við.

Þeim sem áhuga hafa á frekari upplýsingum er bent á að hafa samband við Tómas Bjarnason hjá Capacent í síma 540 1000 eða tomas.bjarnason@capacent.is


## Stofnun ársins – sérrit

**Ábyrgðarmaður:**
Árni Stefán Jónsson
**Umsjón:**
Sólveig Sigr. Jónasdóttir
**Umbrot og prentun:**
GuðjónÓ – vistvæn prentsmiðja

**SFR stéttarfélag í almannaþjónustu**
Grettisgötu 89, 105 Reykjavík
Sími: 525 8340
Bréfasími: 525 8349
Netfang: sfr@sfr.is
Veffang: www.sfr.is
Skrifstofan er opin
mán.- fös. kl. 9:00-16:00

ISSN númer 1670-5874

Forsíða: Kristín María Ingimarsdóttir

# Helstu niðurstöður

| | 2013 | 2012 | 2011 |
|---|---|---|---|
| **Heildarmeðaltal** | **3,83** | **3,86** | **3,83** |
| Trúverðugleiki stjórnenda | 3,83 | 3,83 | 3,78 |
| Starfsandi | 4,14 | 4,13 | 4,15 |
| Launakjör | 2,69 | 2,74 | 2,67 |
| Vinnuskilyrði | 3,85 | 3,88 | 3,94 |
| Sveigjanleiki vinnu | 4,20 | 4,18 | 4,09 |
| Sjálfstæði í starfi | 4,21 | 4,23 | 4,22 |
| Ímynd stofnunar | 3,75 | 3,76 | 3,76 |
| Ánægja og stolt | 4,09 | 4,11 | 4,09 |

*Tafla 1: Einkunn á átta þáttum fyrir stofnanir sem komust á lista 2011-2013*




*Mynd 1: Breyting á einkunnum þátta 2012-2013*

### LÍTILSHÁTTAR LÆKKUN FRÁ ÞVÍ Í FYRRA

Eins og áður sagði komust 153 stofnanir á lista í ár. Meðaleinkunn allra stofnana sem eru á lista yfir stofnun ársins er 3,83 og lækkar lítillega frá í fyrra, en þá var einkunnin 3,86. Þetta er sama einkunn og fékkst 2011.

Af þáttunum átta, fékkst hæsta einkunn á þættinum „Sjálfstæði í starfi" (4,21) en næstum sama einkunn og í fyrra fékkst á þættinum „Sveigjanleiki vinnu" (4,20).

Lægst einkunn fékkst á þættinum „Launakjör" (2,69) líkt og fyrir ári.

### MINNI ÁNÆGJA MEÐ LAUN OG VINNUSKILYRÐI

Eins og sjá má á mynd 1 eru litlar breytingar á þáttunum milli mælinga. Lítilsháttar hækkun mælist á sveigjanleika og starfsanda , en mesta lækkun varð á þættinum „Launakjör" og þá á þættinum „Vinnuskilyrði."

### STARFSFÓLK MINNI STOFNANA ÁNÆGÐARA

Líkt og áður er stofnunum skipt eftir stærð þeirra, þ.e. fjölda starfsmanna. Stærð vinnustaða er almennt talin mikilvægur áhrifaþáttur á líðan og viðhorf starfsfólks vegna þess að með aukinni stærð vinnustaða verður samhæfing ólíkra þátta í starfseminni flóknari. Einnig er alla jafna formlegri stjórnun og skipulag á stærri vinnustöðum en á minni vinnustöðum ráða samskipti miklu og oft getur fólk haft meiri áhrif á aðstæður sínar. Ákvarðanatakan getur þannig verið hægari í stærri stofnunum og hendur stjórnenda bundnari í mörgum málum en í minni stofnunum. Á móti kemur að stærri stofnanir hafa meiri bjargir, t.d. til að byggja upp mannauðsdeildir sem veitt geta stjórnendum sérhæfðari aðstoð en annars væri, auk þess sem tækifæri til starfsþróunar og sérhæfingar eru oftast meiri í stærri stofnunum en minni.

Stofnunum var skipt í þrennt eftir stærð, líkt og fyrir ári. Minnstu stofnanir eru skilgreindar sem stofnanir með færri starfsmenn en 20, stofnanir af millistærð eru skilgreindar sem stofnanir með 20 til 49 starfsmenn en stórar stofnanir eru skilgreindar sem stofnanir með 50 eða fleiri starfsmenn. Flestar stofnanir eru í stærsta flokknum.

Minni stofnanirnar fengu hærri útkomu en stærri stofnanirnar á flestum þáttum. Litlu munar yfirleitt á stofnunum með færri en 20 starfsmenn og stofnunum með 20-49 starfsmenn, en stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri eru áberandi lægri. Aðgreining stofnana með 50-99 starfsmenn og 100 starfsmenn og fleiri sýnir enn fremur að einkunnir stofnana með 100 starfsmenn eru neikvæðari en stofnana með 50-99 starfsmenn.

Mestu munar á stórum stofnunum (50 starfsmenn eða fleiri) og minni stofnunum hvað varðar þættina „Sveigjanleiki vinnu," „Trúverðugleiki stjórnenda," og svo „Launakjör." Vinnuskilyrði og ímynd stærri stofnana mælist einnig lakari en minni stofnana. Lítill munur er hins vegar á þáttunum „Starfsandi" og „Sjálfstæði í starfi" eftir stærð stofnana.

## NÁNAR UM NIÐURSTÖÐUR MEÐAL FÉLAGSMANNA SFR

Hér á eftir verður gerð stuttlega grein fyrir nokkrum áhugaverðum niðurstöðum meðal SFR félaga. Niðurstöður byggja á svörum frá rúmlega 2.300 SFR félögum. Í þessum hluta er vikið frá niðurstöðum sem byggja á svörum frá stofnunum sem komust á lista, en þær niðurstöður byggja á um 9 þúsund svörum.

## SÖLU- OG AFGREIÐSLUFÓLK JÁKVÆÐAST

Eins og kom fram hér að framan mælast neikvæðari viðhorf til launa og vinnuskilyrða nú en fyrir ári. Á þetta einnig við um niðurstöður SFR félaga sérstaklega.

Þeim SFR félögum fjölgar sem telja laun sín verri nú (47%) en á sambærilegum vinnustöðum miðað við fyrir ári síðan (45%). Viðhorfin eru neikvæðust meðal skrifstofufólks en jákvæðust meðal sölu- og afgreiðslufólks. Ef skoðaðar eru atvinnugreinar, þá eru viðhorfin neikvæðust í heilbrigðis- og félagsþjónustu og hjá innheimtumönnum, almannatryggingum og lánasjóðum en jákvæðust í verslun, sölu og landbúnaði, orkustofnunum og skógrækt. Viðhorfin til launa eru einnig áberandi neikvæðari í stofnunum með 100 eða fleiri starfsmenn en jákvæðust meðal stofnana með færri en 20 starfsmenn. Einkunn fyrir vinnuskilyrði lækkar einnig milli mælinga. Munar þar mestu um minni ánægju með skrifstofurými og tölvu- og tækjabúnað. Mun meiri óánægja mælist nú með vinnurými meðal starfsfólks heilbrigðis- og félagsþjónustu en fyrir ári. Óánægjan er einnig áberandi meiri á stærri vinnustöðum en minni.

## KARLAR ÁNÆGÐARI MEÐ LAUN EN KONUR ÁNÆGÐARI MEÐ SVEIGJANLEIKA

Almennt séð er lítill munur á einkunnum karla og kvenna á þeim átta þáttum sem eru mældir. Einkum er munur á viðhorfum karla og kvenna til launa og sveigjanleika. Karlar eru ánægðari með laun en konur með sveigjanleika. Karlar telja einnig ímynd stofnunarinnar betri en konur gera en konurnar eru í heildina ánægðari og stoltari en karlarnir og hafa auk þess lítið eitt jákvæðara mat á stjórnendum en karlarnir.

## KARLAR ÁNÆGÐARI MEÐ LAUN EN KONUR ÁNÆGÐARI MEÐ SVEIGJANLEIKA

Skýrt mynstur í könnunum eins og þessum er að starfsfólk sem er hærra í skipuriti er ánægðara en aðrir starfsmenn. Þó álag á stjórnendum sé að jafnaði meira en á öðrum starfsmönnnum er almennt talið að meiri stuðningur sé í starfsumhverfi stjórnenda en starfsumhverfi annarra starfsmanna, m.a. vegna þess að stjórnendur hafa meiri bjargir og meira umboð til að takast á við verkefni sín en aðrar starfsstéttir. Ef rýnt er í heildareinkunn svarenda sýnir könnunin nú að stjórnendur hafa að jafnaði jákvæð viðhorf, en þó kemur á óvart að jákvæðasti starfshópurinn nú er fólk í sölu- og afgreiðslustörfum ef heildareinkunn svarenda er skoðuð. Þetta eru nokkur nýmæli. Þó þessi hópur hafi gefið starfsumhverfi sínu og stjórnendum háa heildareinkunn fyrir ári síðan voru það stjórnendur sem gáfu jákvæðustu einkunnina þá.




*Mynd 2: Einkunnir eftir stærð stofnana 2013 – stofnanir á lista.*




*Mynd 3: Ánægja með vinnu-og skrifstofurými eftir atvinnugrein 2013.*




*Mynd 4: Samanburður á þáttum eftir kyni.*

*Mynd 5: Heildareinkunn starfshópa.*

| Starfshópar | Fjöldi | Heildareinkunn |
|---|---|---|
| Stjórnendastarf | 298 | 3,90 |
| Sérfr. með háskólanám | 86 | 3,65 |
| Sérhæft starfsfólk | 386 | 3,66 |
| Öryggis-, eftirlitsst., ræstingar | 140 | 3,76 |
| Skrifstofustarf | 882 | 3,67 |
| Skrifstofustarf v. afgreiðslu | 180 | 3,64 |
| Sölu- eða afgreiðslustarf | 140 | 4,03 |
| Annað en ofantalið | 165 | 3,64 |



## Stórar stofnanir með 50 starfsmenn eða fleiri – 3 efstu

### 1. sæti - Sérstakur saksóknari

Einkunn: 4,305 - Fjöldi starfsmanna: 106

**Helstu verkefni:** Embætti sérstaks saksóknara var stofnað með lögum frá Alþingi í desember 2008. Embættinu var komið á fót til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í aðdraganda, í tengslum við og í kjölfar atburða er leiddu til bankahrunsins, hvort sem grunur tengist starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga. Eftir atvikum fylgir sérstakur saksóknari rannsókn eftir með saksókn.

### 2. sæti - Umferðarstofa

Einkunn: 4,281 - Fjöldi starfsmanna: 60

**Helstu verkefni:** Umferðarstofa með stjórnsýslu á sviði umferðarmála, einkum varðandi umferðarreglur, ökutæki, ökutækjaskráningar, ökupróf og ökunám, umferðarfræðslu, slysaskráningar og fleira. Umferðarstofa var stofnuð árið 2002.

### 3. sæti - Lyfjastofnun

Einkunn: 4,263 - Fjöldi starfsmanna: 56

**Helstu verkefni:** Lyfjastofnun er sjálfstæð stofnun sem heyrir undir velferðarráðuneytið. Helsta hlutverk hennar er að skrá lyf (gefa út markaðsleyfi fyrir lyf) á Íslandi í samvinnu við lyfjayfirvöld á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), hafa eftirlit með lyfjaiðnaðinum á Íslandi, meta gæði og öryggi lyfja og tryggja faglega og hlutlausa upplýsingagjöf til heilbrigðisstarfsfólks og neytenda.

## Meðalstórar stofnanir með 20 til 49 starfsmenn – 3 efstu

### 1. sæti - Landmælingar Íslands

Einkunn: 4,432 - Fjöldi starfsmanna: 28

**Helstu verkefni:** Landmælingar Íslands heyra undir umhverfisráðuneyti. Sögu stofnunarinnar má rekja aftur til aldamótanna 1900 er landmælingadeild danska herforingjaráðsins hóf kortagerð hér á landi. Landmælingar Íslands urðu sjálfstæð stofnun undir samgönguráðuneyti árið 1956, en hefur heyrt undir umhverfisráðuneytið frá árinu 1990. Hlutverk Landmælinga Íslands er að tryggja að ávallt séu til aðgengilegar og áreiðanlegar staðfræðilegar og landfræðilegar grunnupplýsingar um allt Íslands.

### 2. sæti - Skipulagsstofnun

Einkunn: 4,417 - Fjöldi starfsmanna: 20

Helstu verkefni: Skipulagsstofnun heyrir undir umhverfisráðherra. Skipulagsstofnun fjallar um og veitir ráðgjöf og leiðbeiningar um skipulagsmál, umhverfismat áætlana og mat á umhverfisáhrifum framkvæmda. Stofnunin stendur fyrir kynningum, ráðstefnum og fundahöldum sem og rannsóknum á sviði skipulagsmála og umhverfismats.

### 3. sæti - Einkaleyfastofa

Einkunn: 4,369 - Fjöldi starfsmanna: 23

**Helstu verkefni:** Einkaleyfastofan er ríkisstofnun undir yfirstjórn atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra. Stofnunin tók til starfa 1. júlí 1991 og tók þá við hlutverki einkaleyfa- og vörumerkjadeildar iðnaðarráðuneytisins. Hlutverk stofnunarinnar er að fara með málefni varðandi einkaleyfi, vörumerki, hönnunarvernd, byggðarmerki og önnur hliðstæð réttindi sem kveðið er á um í lögum, reglugerðum og alþjóðasamningum um vernd eignarréttinda á sviði iðnaðar. Stofnunin veitir einstaklingum, stofnunum og fyrirtækjum upplýsingar og ráðgjöf varðandi hugverkaréttindi í iðnaði.

## Litlar stofnanir með færri en 20 starfsmenn – 3 efstu

### 1. sæti - Sýslumaðurinn á Siglufirði

Einkunn: 4,592 - Fjöldi starfsmanna: 6

**Helstu verkefni:** Sýslumaðurinn á Siglufirði fer með stjórnsýslu síns umdæmis og fer auk þess með lögreglustjórn í umdæminu sem og málefni bótanefndar. Þá sér embættið um greiðslu sanngirnisbóta. Sveitarfélag í umdæmi embættisins er Fjallabyggð.

### 2. sæti - Héraðsdómur Suðurlands

Einkunn: 4,584 - Fjöldi starfsmanna: 6

**Helstu verkefni:** Á Selfossi hefur Héraðsdómur Suðurlands aðsetur sitt og heyra Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Skaftárhreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Sveitarfélagið Ölfus og Vestmannaeyjabær undir hans umdæmi. Meðal verkefna héraðsdómstóla eru munnlega flutt einkamál, svonefnd ágreiningsmál og sakamál auk lögræðismála.

### 3. sæti - Hljóðbókasafn

Einkunn: 4,458 - Fjöldi starfsmanna: 7

**Helstu verkefni:** Hljóðbókasafn Íslands var stofnað árið 1982, þá nefnt Blindrabókasafn Íslands, og er rekið á fjárlögum mennta- og menningarmálaráðuneytisins. Lögbundið hlutverk safnsins er að opna þeim sem ekki geta nýtt sér prentað letur aðgang að prentuðu máli á hljóðbók eða öðru aðgengilegu formi. Lánþegar safnsins eru sjónskertir, lesblindir og aðrir sem glíma við prentleturshömlun af einhverju tagi. Safnið framleiðir námsbækur fyrir framhaldsskólanema á hljóðbók eða rafrænu formi og leggur sérstaka áherslu á þjónustu við nemendur.

FYRIRMYNDAR STOFNUN 2013

STOFNUN ÁRSINS 2013

## Hástökkvarinn

### Þróunarsamvinnustofnun Íslands

Einkunn: 4,190 - Fjöldi starfsmanna: 11

**Helstu verkefni:** Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir utanríkisráðuneytið. Hún var stofnuð með lögum árið 1981 og vinnur að tvíhliða samstarfi Íslands við þróunarlönd. Áhersla er lögð á samvinnu við þau lönd þar sem lífskjörin eru lökust og er aðstoðin einkum veitt á þeim sviðum þar sem Íslendingar búa yfir sérstakri þekkingu og reynslu.

Þróunarsamvinnustofnun Íslands er hástökkvarinn að þessu sinni  en stofnunin hækkaði sig um 72 sæti, úr raðeinkunn 16 í 88, en raðeinkunnin segir til um hvar stofnunin stendur hlutfallslega miðað við aðrar stofnanir á listanum. Þróunarsamvinnustofnun er nú í fimmta sæti á lista yfir stofnanir með færri starfsmenn en 20, sem er afar góður árangur.

# Niðurstöður úr þáttunum átta

***Átta þættir voru mældir, líkt og fyrir ári. Trúverðugleiki stjórnenda, starfsandi, launakjör, vinnuskilyrði, sveigjanleiki vinnu, sjálfstæði í starfi, ímynd stofnunar og ánægja og stolt.***
***Þættirnir átta eru samsettir úr þeim spurningum sem falla undir hvern þátt. Hverri spurningu er hægt að svara á fimm punkta kvarða (1-5) þar sem hærri endi kvarðans gefur til kynna ánægju með það sem spurt er um en lægri endinn gefur til kynna óánægju. Valið á Stofnun ársins 2013 byggist á heildareinkunn sem er samsett úr framangreindum átta þáttum.***
***Í samsetningu heildareinkunnar er vægi þáttanna átta ólíkt og er vægi þáttarins trúverðugleiki stjórnenda mest í heildareinkunn (27%), en minnst er vægi sveigjanleika vinnu, ímyndar og sjálfstæðis í starfi (9%).***
***Vægi einstakra þátta í heildareinkunn byggir á því hve stórt hlutfall dreifingarinnar hver þáttur skýrir af dreifingu allra spurninga. Tölfræðileg greining leiddi í ljós að spurningar áttu vel heima í viðeigandi þætti.***

***Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir þróun einstakra þátta frá síðustu könnun. Umfjöllunin byggist á svörum SFR félaga, eða um 2.300 svörum. Um er að ræða svör frá öllum SFR félögum án tillits til þess hvort stofnun komst á lista eða ekki. Tölur víkja því frá niðurstöðum um allar stofnanir sem komust á lista.***

### TRÚVERÐUGLEIKI STJÓRNENDA

Einkunn fyrir trúverðugleika stjórnenda lækkar lítillega, fer úr 3,74 í 3,70 og er það sama einkunn og 2011. Matið er byggt á spurningum um stjórnendur almennt, næsta yfirmann og hversu vel vinnustaðnum er stjórnað. Af ólíkum starfsstéttum er matið jákvæðast meðal fólks við sölu- og afgreiðslustörf en neikvæðast meðal skrifstofufólks við afgreiðslu. Starfsfólk minni stofnana metur trúverðugleika stjórnenda hærra en starfsfólk stærri stofnana. Af ólíkum atvinnugreinum er matið jákvæðast meðal fólks í verslun og þjónustu en neikvæðast meðal innheimtumanna, almannatrygginga og lánasjóða.

### STARFSANDI

Mat á starfsanda stendur í stað og er nú 4,09. Þetta er sama einkunn og síðustu tvö ár. Matið er byggt á þremur spurningum sem lúta að samskiptum og starfsanda. Matið er mismunandi eftir starfsstéttum og atvinnugreinum. Einnig telja þeir sem eru með mannaforráð starfsandann betri en þeir sem ekki hafa mannaforráð. Þeir sem hafa starfað skemmst hjá stofnuninni telja starfsandann betri en þeir sem starfað hafa lengur, þó þeir sem starfað hafa lengst telji einnig að starfsandinn sé góður.

### LAUNAKJÖR

Ánægja með launakjör lækkar lítið eitt, fer úr 2,48 í 2,43 og er þetta sama einkunn og 2011. Matið er byggt á spurningum um ánægju með laun, sanngirni launa og samanburði á eigin launum og launum annarra á sambærilegum vinnustöðum. Ánægja með launakjör er mismunandi eftir störfum og atvinnugreinum. Einnig hafa þeir sem eru með mannaforráð jákvæðari afstöðu til launa en þeir sem ekki hafa mannaforráð. Viðhorf til launa eru jákvæðust meðal starfsmanna minnstu stofnananna.

### VINNUSKILYRÐI

Mat þátttakenda á vinnuskilyrðum lækkar nokkuð. Einkunnin mælist nú 3,74 en mældist 3,80 fyrir ári. Matið er byggt á sex spurningum um ánægju með ýmsa þætti í umhverfinu, t.d. lýsingu, loftræstingu og tölvu- og tækjabúnað. Matið er ólíkt eftir starfshópum og atvinnugreinum. Jákvæðara er matið meðal þeirra sem eru með mannaforráð og starfa í landbúnaði, hjá orkustofnunum eða við skógrækt en neikvæðara meðal þeirra sem ekki hafa mannaforráð og þeirra sem starfa við löggæslu, dómstóla og fangelsi.

### SVEIGJANLEIKI VINNU

Sveigjanleiki fær aftur hæstu einkunn af þáttunum átta líkt og í fyrra. Sveigjanleiki vinnu var mældur með sama hætti nú og í fyrra. Samkvæmt mælingunni nú dregur lítið eitt úr sveigjanleika. Sveigjanleiki mældist 4,21 í fyrra en mælist nú 4,18. Sveigjanleiki hækkaði mikið í síðustu mælingu. Matið byggist t.d. á spurningum um hvort auðvelt sé að fara úr vinnu til að sinna aðkallandi erindum, ánægju með sveigjanleika og samræmingu vinnu og einkalífs. Sveigjanleiki er meiri meðal starfsmanna í minni stofnunum en stærri og meiri hjá konum en körlum. Einnig eykst sveigjanleiki með aldri, en minnkar með menntun. Þeir sem ekki hafa mannaforráð telja þessa tegund sveigjanleika meiri en þeir sem eru með mannaforráð.

### SJÁLFSTÆÐI Í STARFI

Mæling á sjálfstæði í starfi lækkar frá síðustu könnun og fær einkunnina 4,16 en var með einkunnina 4,20 í fyrra. Þátturinn mælir hversu góð tök fólki finnst það hafa á starfi sínu, hversu góða yfirsýn starfsfólki finnst það hafa yfir starfið og þau áhrif sem fólk hefur í starfinu. Sjálfstæði í starfi vex með aldri og er einnig mestur hjá þeim sem starfað hafa lengst hjá stofnuninni, sem eðlilegt er. Sjálfstæði í starfi er einnig meira meðal starfsmanna með mannaforráð en annarra og meiri meðal starfsmanna í minni stofnunum en stærri.

### ÍMYND

Mat á ímynd lækkar frá síðustu mælingu. Þátturinn fær einkunnina 3,63, en fékk 3,71 í könnuninni fyrir ári. Þeir sem eru með mannaforráð meta ímyndina sem jákvæðari þátt en aðrir starfsmenn. Matið á ímynd er jákvæðara í minni stofnunum en stærri. Jákvæðast er matið í mennta- og menn-

ingarstofnunum og verslunar- og sölustörfum en neikvæðast er það meðal innheimtumanna, almannatrygginga og lánasjóða.

### ÁNÆGJA OG STOLT

Þátturinn ánægja og stolt lækkar nú aftur, eftir að hafa hækkað í fyrra. Einkunnin nú er svipuð og fyrir tveimur árum. Einkunnin nú er 3,99 en var 4,04 í fyrra og 4,01 í hitteðfyrra. Ánægja og stolt er mismunandi eftir starfsstéttum og atvinnugreinum. Mest er ánægjan meðal fólks við sölu- og afgreiðslu en minni meðal sérfræðinga með háskólamenntun, sérhæfðs starfsfólks, fólks í skrifstofustörfum og fólks í öðrum störfum. Þeir sem eru með mannaforráð eru ánægðari en þeir sem ekki eru með mannaforráð. Yngsti (fólk yngra en 30 ára) og elsti starfshópurinn (60 ára eða eldri) eru ánægðastir en aldurshóparnir þarna á milli óánægðari. Óánægðast er fólk á aldrinum 30-39 ára. Ánægja og stolt er meira í minni en stærri stofnunum.

### HEILDAREINKUNN

Heildareinkunn lækkar nokkuð frá því fyrir ári. Heildareinkunn nú mælist 3,73 sem er lægra en fyrir ári þegar hún mældist 3,78.




*Mynd 1: Ímynd eftir atvinnugrein.*

Lægst er heildareinkunnin í heilbrigðis- og félagsþjónustu og innheimtustofnunum, stofnunum almannatrygginga og lánasjóða. Hæst er einkunnin í verslun og sölu og landbúnaði, orkustofnunum og skógrækt. Einkunnin er hærri meðal fólks með mannaforráð en án mannaforráða og hærri meðal yngsta og elsta hóps svarenda. Heildareinkunn lækkar með aukinni menntun og er lægst meðal fólks sem lokið hefur háskólanámi. Einnig lækkar heildareinkunnin eftir stærð stofnunar og er lægst meðal stærstu stofnananna.

# Hver er staða þinnar stofnunar í starfsmannamálum?

Starfsmennt
FRÆÐSLUSETUR

***Starf sérhverrar stofnunar stendur og fellur með þeim mannauði sem hún býr yfir og hvernig til tekst að virkja hann til góðra verka. Þeir þættir sem gjarnan eru lagðir til grundvallar árangursríkrar starfsemi stofnana eru ánægja, vellíðan, og hæfni starfsmanna, sem og góð stjórnun yfirmanna. Stofnanir þurfa að hafa skýra stefnu í mannauðsmálum sem samræmist heildarstefnu stofnunar og öðrum markmiðum í rekstri.***

Með því að greina viðhorf starfsfólks til ýmissa starfstengdra þátta líkt og gert er í Stofnun ársins könnuninni fá stjórnendur og starfsfólk greinargóðar upplýsingar um hvað vel er gert og hvað betur má fara. Aftur á móti er nauðsynlegt að skapa markvissar umræður um starfsmannamál, greina styrkleika og áskoranir, forgangsraða og grípa til aðgerða. Stjórnendur þurfa að þekkja til þeirra aðferða sem miða að því að þjálfa starfsfólk, hlúa að því og hvetja það til dáða með markmið og stefnu stofnana í huga.

- **Er þín stofnun að gera nógu vel í starfs mannamálum?**
- **Viljið þið gera betur?**
- **Hvernig getið þið unnið að markvissari og jákvæðari stjórnun mannauðs?**
- **Vantar ykkur úrræði, tillögur að úrbætum eða ráðgjöf?**

Fræðslusetrið Starfsmennt býður samstarfsstofnunum sínum upp á ráðgjöf í mannauðsmálum. Ráðgjöfin felst í að lána stofnunum ráðgjafa í tímabundna vinnu og styrkja þannig grunninn að markvissri mannauðsstjórnun. Verkefni ráðgjafa að láni eru öll á sviði mannauðseflingar og starfsþróunar, helstu viðfangsefni eru þarfagreining fræðslu og sérsniðið stofnananám, hæfnigreiningar starfa, vinnustaðagreiningar, ráðgjöf um starfsþróun, aðstoð við gerð mannauðsstefnu og ráðgjöf um innleiðingu starfsmannasamtala. Hægt er að fá frekari upplýsingar á heimasíðu Starfsmenntar, www.smennt.is eða á skrifstofu í síma 550 0060.

*Marta Gall Jörgensen*
*Mannauðsráðgjafi*

# Nokkrar athyglisverðar spurningar og svör

***Að vanda er rýnt í spurningarnar en svörin við þeim veita okkur athyglisverðar upplýsingar um ánægju og líðan starfsmanna á vinnustað.***

**„MÉR FINNST STARFSANDINN VENJULEGA AFSLAPPAÐUR OG ÓÞVINGAÐUR“**
Almennt eru ungir starfsmenn með stuttan starfsaldur frekar sammála fullyrðingunni en aðrir. Þetta á sérstaklega við um þá sem eru í verslunar- eða sölustörfum, en yfir 80% þeirra telja starfsandann venjulega afslappaðan og óþvingaðan. Skrifstofumenn, eldri en 30 ára, sem hafa verið í starfi í kringum 10 ár og þá gjarnan í atvinnugreinunum innh.menn/almannatr./lánasj. og rannsókna- og eftirlitsstofnanir eru hins vegar líklegri til að vera ósammála. Lítill munur er á afstöðu eftir kyni.

**„ÉG BER FULLT TRAUST TIL STJÓRNENDA STOFNUNARINNAR“**
Þetta er ein af veigameiri spurningunum í könnuninni. Traust til stjórnenda lækkar á milli ára en hæst var það árið 2009. Traust til stjórnenda mælist hærra hjá litlu stofnununum en þeim stærri. Traustið er almennt meira meðal yngstu starfsmannanna með innan við tveggja ára starfsreynslu og grunnskólamenntun. Félagsmenn með háskólamenntun og aðra viðbótarmenntun eftir framhaldsskóla bera hins vegar marktækt minna traust til stjórnenda sinna. Nokkuð mikill munur er einnig eftir atvinnugreinum og starfsmenn í heilbrigðis- og félagsþjónustu bera mun minna traust til stjórnenda sinna en starfsmenn í verslunar- og sölustörfum. Að vanda er mikil fylgni á milli trausts á stjórnendum og því hversu vel/illa félagsmenn telja að stofnuninni sé stjórnað.

**„NÆSTI YFIRMAÐUR MINN ER SANNGJARN VIÐ STARFSFÓLK“**
Mikill meirihluti svarenda eru mjög og frekar sammála þessari fullyrðingu eða rúmlega 75% og litlar breytingar eru á milli ára. Nokkur munur er þó á milli starfahópa og atvinnugreina en 86% starfsmanna í sölu- og afreiðslustörfum eru frekar og mjög sammála en 70% starfmanna í öryggis-, eftirlitsst. og ræstingum. Ef litið er á atvinnugreinar eru auk verslunar svarendur í flokkunum landb./orkustofnanir/skógrækt og mennta- og menningarstofnanir í um 80% tilvika frekar og mjög sammála fullyrðingunni.

**SPURNINGARNAR „ÉG HEF SVIGRÚM TIL AÐ ÚTRÉTTA Í VINNUTÍMANUM ÞEGAR NAUÐSYN KREFUR“ & „ÉG GET FARIÐ ÚR VINNU MEÐ LITLUM FYRIRVARA TIL AÐ SINNA AÐKALLANDI ERINDUM Í EINKALÍFI MÍNU (T.D. VEIKINDUM BARNA, MAKA EÐA ÖÐRU)“**
Þegar svör við þessum spurningum er skoðuð þá kemur í ljós að flestir eru sammála því að þeir hafi svigrúm til að útrétta eða fara úr vinnu ef nauðsyn krefur. Nokkur kynbundinn munur er á svörum en konur eru frekar sammála fullyrðingunum en karlar, eins og sjá má á mynd 1. Atvinnugrein og starf hefur einnig áhrif en starfsmenn við löggæslu/dómstóla/fangelsi og í öryggis- og eftirlitsstörfum eru líklegri til að vera ósammála fullyrðingunum. Skrifstofumenn og stjórnendur eru hins vegar sá hópur sem oftast eru sammála því að svigrúm sé til að útrétta/ fara úr vinnu en um 90% þeirra eru frekar og mjög sammála fullyrðingunum.




*Mynd 1. Svigrúm og sveigjanleiki.*




*Mynd 2. Starfsþróun.*

**„ LAUN STARFSFÓLKS STOFNUNARINNAR ERU ÁKVEÐIN AF SANNGIRNI“**
Um helmingur svarenda eru frekar eða mjög ósammála því að laun séu ákveðin af sanngirni. Á síðasta ári dró lítillega úr óánægju með laun en nú fjölgar þeim sem eru óánægðir aftur. Konur eru líklegri til að vera ósammála fullyrðingunni en karlar og það sama má segja um skrifstofumenn. Sölu- og afgreiðslufólk og stjórnendur eru hins vegar líklegri til að telja laun ákveðin af sanngirni.
Að vanda kemur einnig fram mikill munur eftir atvinnugreinum og starfsmenn við landb./orkustofnanir/skógrækt og verslun og sölustörf eru að jafnaði frekar sammála því en aðrir að laun séu ákveðin af sanngirni. Á móti kemur að um 68% starfsmanna í heilbrigðis og félagsþjónustu eru frekar eða mjög ósammála því að laun séu ákveðin af sanngirni og fjölgar í þeim hópi á milli ára.

**„ÉG HAFÐI TÆKIFÆRI TIL AÐ LÆRA OG ÞRÓAST Í STARFI Á SÍÐASTLIÐNUM 12 MÁNUÐUM“**
Það er áhugavert að skoða svör við þessari spurningu. Það kemur í ljós að ekki er marktækur munur á svörum karla og kvenna og menntunarstig virðist litlu skipta. Marktækur munur kemur hins vegar fram þegar starf er skoðað og hér á myndinni má sjá að skrifstofumenn telja síður að þeir hafi tækifæri til að læra og þróast en aðrar starfsstéttir. Einnig er mjög jákvætt að sjá hvað starfsmenn í sölu- og afgreiðslustörfum eru sammála fullyrðingunni.

**„ÁNÆGJA MEÐ ÖRYGGI Á VINNUSTAÐ (Þ.E. LÍTIL HÆTTA Á SLYSUM)“**
Þegar spurt er um öryggi á vinnustað eru flestir eða um 77% frekar/ mjög ánægðir með öryggið og telja litla hættu á slysum. Öryggismál virðast því almennt í góðu horfi. Það kemur þó fram í ákveðnum atvinnugreinum að starfsmenn eru ekki jafn sammála fullyrðingunni. Þetta eru starfsmenn í löggæslu/dómstólum/fangelsi og í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Um 60% svarenda í þessum atvinnugreinum eru mjög og frekar ánægðir með öryggi á meðan samsvarandi hlutfall er yfir 80% í öðrum atvinnugreinum. Ekki er marktækur munur á svörum karla og kvenna.

**„Á HEILDINA LITIÐ LÍÐUR MÉR VEL Í STARFI MÍNU“**
Þegar svör við þessari spurningu eru skoðuð má sjá nokkurn mun á svörum karla og kvenna. Konur eru frekar sammála fullyrðingunni en um 84% þeirra eru mjög og frekar sammála. 79% karla eru sömu skoðunar. Menntun skiptir einnig máli hvað varðar þessa spurningu og á þann veg að eftir því sem menntun eykst er líklegra að starfsmaður sé hlutlaus eða ósammála. Starfsmenn með minni menntun eru því aðeins líklegri til að vera frekar og mjög sammála því að þeim líði vel í starfi á heildina litið. Starf og atvinnugrein hefur að vanda sitt að segja og verslunar- og sölufólk er almennt í yfir 90% tilvika frekar og mjög sammála fullyrðingunni og má segja að þegar á heildina sé litið þetta árið að verslunar- og sölufólki líði best í vinnunni.

# Hástökkvarar

